

Háskólaráðsfundur 9. október 2013

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Gæðamál
3. Breyting á reglugerð
4. Álitamál vegna fjárhagsáætlunar 2014
 - a. Fjárlagafrumvarp
 - b. Skólagjöld
 - c. Lotukennsla
5. Skipan gæðaráðs
6. Skipan jafnréttisnefndar
7. Sviðsstjórar – staða mála
8. Rannsóknastofnun atvinnulífsins – Bifröst
9. Tilraunaverkefni um hækkað menntunarstig í Norðvesturkjördæmi
10. Sýningin íslenskt atvinnulíf
11. Önnur mál
12. Næsti fundur miðvikudaginn 6. nóvember kl 13

Fundargerð:

Mættir: Vilhjálmur, Signý, Guðmundur, Sigtryggur, Anna, Þórunn, Jón Freyr, Sigrún Lilja, Tinna, Andrea, María (frá 14:20)

1. Samþykkt með þeim fyrirvara að númer vantar. Fundargerð fyrri fundar geymd áfram.
2. Signý fór yfir glæruefni um gæðamál. Farið yfir vinnu að innra mati fagsviða og stofnunar. Kerfisbreyting kynnt, rammaáætlun komin til sögunnar. Markmið að tryggja gæði íslenskra prófgráða. Farið yfir tímaáætlun matsins. Á vorönn 2015 fáum við heimsókn. Innra mat fagsviða er trúnaðargagn stofnunar en nýtist líka í ytri úttekt. Einkunnir eru fullt traust, traust, takmarkað traust eða ekkert traust. Sjálfsmat er mikilvægt fyrir stofnunina. Háskólaráð þarf að tilnefna fulltrúa fyrir innra mat á viðskiptasviði, lögfræðisviði og stofnunar. Tímamörk fyrir undirbúning á innra mati stofnunar er haust 2014. Málið rætt í framhaldi af kynningu Signýjar. Setja upp hnapp fyrir ábendingar. Koma málinu betur á framfæri við nemendur, t.d. þýðingu kennslumats. Nesta nemendafulltrúa með kynningarefni. Segja vel frá því sem gerist í gæðamálunum. Ath Facebook síðu skólans. Þakka nemendum og öðrum fyrir framlag sem leiðir til framþróunar.
3. Anna kynnti málið. Drög voru send út. Helstu tillögur um breytingar:
 - a. 6. gr. Nýjungar með fagráðið, nemendur verði með einu sinni í mánuði. Fundargerðir ekki birtar á heimasíðu skólans.
 - b. 22. gr. Lagt til að intökuskilyrði í meistaranám verði að jafnaði 1. einkunn.

- c. 23. gr. Mat á námsgreinum inn í skólann miðist við 7.
 - d. 38. gr. Háskólafundur ekki endilega í maí
- Málið rætt. Rætt um aðrar breytingar, verið er að útskrifa fólk úr línunum sem hætt er að kenna. Einhvers staðar þarf að vera haldið utan um sögu námsgreina sem kenndar hafa verið. Rætt um uppsetningu reglugerðarinnar, hvort hún þurfi að vera svona nákvæm varðandi kennslugreinar. Tillögurnar samþykktar. Haldið verður áfram vinnu að frekari breytingum.
- 4. VE fór yfir málið.
 - a. Útskýrt hvers vegna fjárlagafrumvarpið er með svo lágum tölum sem raun ver vitni. Rætt um stöðu skólann til framtíðar, m.a. farið yfir matvælaeðlisfræðina.
 - b. Farið yfir umræðu um hækkun skólagjalda í grunnnámi og breytingu á gjaldtöku í Háskólagátt. Rætt um nauðsyn á kynningu á heildarkostnaði við skólavist á Bifröst.
 - c. Rætt um áform um að fara með alla kennslu á viðskiptafræðisviði og félagsvísindasviði í lotukennslu.
 - 5. Stefán Kalmannsson er formaður.
 - a. Nemendur hafa kosið Ívar Örn Þráinsson, Hjört Inga Hjartarson og Sigurð Hauk Grétarsson
 - b. Kennarar hafa kosið Kára Jóensen, Magnús Árna Magnússon og Maj Britt Hjördísi Briem.

Háskólaráð staðfestir þessar tilnefningar

- 6. Rektor tilnefnir Magnús Árna Magnússon, starfsmannafundur tilefnir Emmu Björg Eyjólfsdóttur en nemendur senda tilnefningu.
- 7. Málið varðandi endurskipulagningu er búið. Sviðstjórahlutveik óbreytt.
- 8. Fór í gang. Kjarasamningaverkefnið farið af stað. Verkefni um samband á milli pólitísku stöðugleika og erl. fjárfestingar að fara af stað. Erum að velta fyrir okkur verkefni um skattsvik í ferðaþjónustu.
- 9. Búið að ganga á miklu. Vonandi kemst verkefnið í farveg.
- 10. Samþykkt á stjórnarfundum að ráða mann til að vinna a.m.k. til áramóta til að láta reyna á málið.
- 11. Rætt um viðskiptalögfræði. Sigtryggur sagði að þeir sem útskrifast komast hvergi að í viðskiptalögfræðinámi. Fara þarf í málið. Er hægt að samtvinna nám í alþjóðaviðskiptum og lögfræði til að útskrifa viðskiptalögfræðinga (sem ætla ekki í lögmennsku)? Verða kennarafundir þar sem kennarar samræma kennsluáætlanir?? Álagspunktar?? Er hægt að búa til hefti með kennslufni fyrir nemendur eins og í HR?? Rætt um nýsköpun á Bifröst og þátt nemenda í því. Er hægt að fá eitthvað herbergi sem gert er skapandi í útliti þar sem nemendur koma saman og vinna að nýsköpunarverkefnum. Fylgja málinu eftir við Þorvald. Má setjast á kaffihúsið með sinn eigin mat?? Ræða við Þorvald og Guðrúnu. Hvað með bókasafnið? Er hægt að koma á sjálfsafgreiðslu eða fá nemanda til að redda ef með þarf?
- 12. Höldum tímasetningunni.